



Reykjavík, 13. nóvember 2020
Fundargerð 217. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 13. nóvember var haldinn 217. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson. Rósa Guðbjartsdóttir tilkynnti forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi, Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri og Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Bólusetningar

Jákvæðar fréttir eru um þróun bóluefna, þó ljóst sé að einhver tími sé í að þau verði tilbúin. Fram hefur komið að undirbúningur sé hafinn að skipulagi bólusetninga hér á landi þegar til kemur.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Síðustu tölur

Farið yfir tölfræði síðustu daga. Á miðvikudaginn voru 297 í einangrun á höfuðborgarsvæðinu sem er fækkun um 229 frá því í síðustu viku. Í sóttkví á svæðinu voru 661 sem er fækkun um 229 frá því fyrir viku. 63 voru á sjúkrahúsi, þar af 3 á gjörgæslu.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Auglýsingar og reglugerðir frá 30. október og 2. nóvember eru í gildi. Sóttvarnalæknir hefur lagt fram nýtt minnisblað til heilbrigðisráðherra varðandi framhaldið. Beðið er eftir ákvörðun og kynningu ráðherra, jafnvel síðar í dag.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra

Samstarf og samráð hefur verið á milli sveitarfélaganna, sviða og stofnana þeirra á grundvelli AHS.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir LRH

Lögreglustjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál AHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:50.

**Fundir verða boðaðir eftir þörfum,
næsti skipulagði fundur er föstudaginn 20. nóvember.**

Fylgiskjöl:

AHS:

- Engin fylgiskjöl.

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson

Haraldur Sverrisson

Ásgerður Halldórsdóttir

Ármann Kr. Ólafsson